

# MÍT

## VÖRÐUPRÓF I (á milli grunnprófs og miðprófs)

### Klassískur söngur

Yfirferð fyrir vörðupróf I skal vera að lágmarki 12 söngverkefni, þar sem nemandi kannist fjölbreyttum stílum, tímabilum og tungumálum. Miðað er við að á námstíma þessa stigs syngi nemandi:

- íslensk sönglög,
- erlend þjóðlög
- erlend sönglög (á fleiri en einu tungumáli)
- sönglög eða aríur frá endurreisnar- og barokktímabilinu

### Verkefnalistar

Fyrir prófið skal nemandi leggja fram lista yfir verkefni (12 eða fleiri) sem hann hefur unnið í stiginu.

Prófverkefnin skulu vera 8 talsins (að meðtöldu vali) og skal leggja fram lista yfir verkefnin með þriggja vikna fyrirvara. Ekki er skylda að nemandi sé með verk úr öllum flokkum, en mælt er til að hann sé með a.m.k. eitt íslenskt sönglag.

### Prófafyrirkomulag

Af þessum 8 verkefnum skulu 5 sungin á prófinu.

Nemandi velur tvö verkefni fyrirfram (valverkefni og eitt annað verk) og í prófinu velur prófdómari svo þrjú verkefni af þeim sex sem eftir eru.

Nemandinn ræður í hvaða röð hann flytur verkefnin. Prófverkefni skulu flutt utanbókar og á frummáli. Undantekningar frá þessu geta verið kammerverk.

Valverkefni getur verið hefðbundið sönglag, dúett eða kammerverk.

Söngæfingar í Vörðuprófi I skal nemandi syngja tvær skylduæfingar (fylgja á sérblaði) og eina æfingu að eigin vali. Söngæfingar eru fluttar án undirleiks.

Nemandi skilar valæfingunni skriflega í upphafi prófs.

Gert er ráð fyrir að prófdómari sé einn og ekki er gert ráð fyrir að fá utan að komandi prófdómara. Allir söngkennarar eru hvattir til að vera viðstaddir

### Vörðupróf I – prófþættir og fyrirgjöf

Söngæfingar	10 einingar
Söngverk I (val nemanda):	15 einingar
Söngverk II (val prófdómara):	15 einingar
Söngverk III (val prófdómara):	15 einingar
Söngverk IV (val prófdómara):	15 einingar
Valverkefni (val nemanda):	15 einingar
Nótnalestur:	10 einingar
Heildarsvipur:	5 einingar
<b>Samtals:</b>	<b>100 einingar</b>

# MÍT

## VÖRÐUPRÓF II (*á milli miðprófs og framhaldsprófs*)

### Klassískur söngur

Yfirferð fyrir vörðupróf II skal vera að lágmarki 15 söngverkefni, þar sem nemandi kannist fjölbreyttum stílum, tímabilum og tungumálum. Miðað er við að á námstíma þessa stigs syngi nemandi:

íslensk sönglög,

óperuaríur,

norræn sönglög,

önnur erlend lög (t.d. á þýsku, frönsku, ensku eða slavneskum málum),

aríur og/eða ljóð frá endurreisnar- og barokktímabilinu

### Verkefnalistar

Fyrir prófið skal nemandi leggja fram lista yfir verkefni (15 eða fleiri) sem hann hefur unnið í stiginu.

Prófverkefni skulu vera 10 talsins (að meðtöldu vali) og skal leggja fram lista yfir verkefni með þriggja vikna fyrirvara. Ekki er skylda að nemandi sé með verk úr öllum flokkum, en mælt er til að hann sé með a.m.k. eitt íslenskt sönglag.

### Prófafyrirkomulag

Af þessum 10 verkefnum skulu 6 sungin á prófinu.

Nemandi velur þrjú verkefni fyrirfram (valverkefni og tvö önnur verk) og í prófinu velur prófdómari svo þrjú verkefni af þeim sjö sem eftir eru.

Nemandinn ræður í hvaða röð hann flytur verkefni. Prófverkefni skulu flutt utanbókar og á frummáli. Undantekningar frá þessu geta verið barokk-aría og kammerverk.

Valverkefni getur verið hefðbundið sönglag, dúett eða kammerverk.

Engar söngæfingar eru í Vörðuprófi II.

Gert er ráð fyrir að prófdómari sé einn og ekki er gert ráð fyrir að fá utan að komandi prófdómara. Allir söngkennarar eru hvattir til að vera viðstaddir

### Vörðupróf II – prófþættir og fyrirgjöf

Söngverk I (val nemanda):	14 einingar
Söngverk II (val nemanda):	14 einingar
Söngverk III (val prófdómara):	14 einingar
Söngverk IV (val prófdómara):	14 einingar
Söngverk V (val prófdómara):	14 einingar
Valverkefni (val nemanda):	12 einingar
Nótnalestur:	10 einingar
Heildarsvipur:	8 einingar
<b>Samtals:</b>	<b>100 einingar</b>